

Þá verður það einnig að teljast ósannað, að Gerður Gunnarsdóttir hafi boðið fram greiðslu leigunnar fyrir mánuðina janúar og febrúar fyrr en 18. febrúar s. l.

Með tilliti til alls þessa og þar sem gerðarþoli bauð ekki fram greiðslu leigunnar þegar í stað, er hann kom í bæinn og fékk að vita, að leigan var ógreidd, þá verður að telja, að um veruleg vanskil hafi verið að ræða, og þar sem upphæð sú, er gerðarþoli hafði ofgreitt sem leigu, er aðeins kr. 51.60, leysir það hann ekki hér undan.

Sömuleiðis verður rétturinn að lita svo á, að gerðarbeiðanda hafi engin skylda borið til að greina sjálfskuldarábyrgðarmanni gerðarþola frá vanskilum, og getur aðgerðarleysi hans í þessu sambandi ekki skipt máli.

Samkvæmt framangreindu verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðenda.

Þá þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðendum kr. 100.00 í málskostnað.

Þvi úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fara á ábyrgð gerðarbeiðenda. — Gerðarþoli Holger Clausen greiði gerðarbeiðendum, Lúðvík og Ásmundi Guðmundssonum, kr. 100.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1943.

Nr. 126/1939. **Pétur Magnússon, Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson** (Einar B. Guðmundsson) gegn

Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason og gagnsök. (Sjálfur).

Setudómari Einar Arnórsson dr. jur.
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Málflytjendum dæmt að bæta skuldareiganda fétjón, er hann hlaut vegna mistaka við heimtu skuldar.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Fyrir hæstarétti hefur mál þetta verið flutt skriflega samkvæmt 2. tölul. 38. gr. laga nr. 112/1935.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. des. 1939 og hafa krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. júní 1940, skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 10. s. m. og gert þær kröfur *aðallega*, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum in solidum d. kr. 28784.58 með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags, en *til vara*, að aðaláfrýjandi Pétur Magnússon verði dæmdur til að greiða honum téða fjárhæð með vöxtum sem sagt var, en til *þrautavara*, að héraðsdómurinn verði staðfestur eða að Péttri Magnússyni verði einum dæmt að greiða þá fjárhæð með vöxtum samkvæmt héraðsdómi, sem þar greinir. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Svo sem í héraðsdómi segir, fór aðaláfrýjandi Pétur Magnússon eða skrifstofa hans ekki eftir eindregnum fyrirmælum gagnáfrýjanda um málshöfðun á hendur þeim feðgum Leifi Þorleifssyni og Eiriki, syni hans. Eigi virðist gagnáfrýjandi heldur hafa fengið nægilegar skýrslur eða nægilega tímanlegar um þetta atriði. Loks verður að telja innheimtutilraunir aðaláfrýjanda Péturs Magnússonar eða skrifstofu hans ekki hafa verið framkvæmdar með þeim hraða og krafti, sem unnt hefði verið, enda gagnáfrýjanda ekki veittur nægilegur kostur á að fylgjast með þeim. Með þeirri háttsemi, sem í héraðsdómi greinir og nú var rakin, hefur aðaláfrýjandi fellt sér á hendur sönnunarbyrði um það, að ekki hafi verið unnt að heimta meira af kröfu þeirri, er gagnáfrýjandi fól honum til innheimtu, en raun varð á. Hins vegar má á það líta, að höfðun þessa máls hefur dregizt óþarflega lengi og hefur aðaláfrýjendum þar með að líkindum verið gerð öflun gagna sér til varnar torveldari en ella hefði þurft að vera. Nokkur hluti kröfunnar, d. kr. 11686.30, voru víxilkröfur, en

nokkur hlutinn, d. kr. 8138.71, var að einhverju leyti véfengdur, og fyrirmæli gagnáfrýjanda um skjóta málshöfðun á hendur Leifsfeðgum svonefndum voru að öðrum þræði einmitt í því skyni gefin, að dómsúrlausn fengist um réttmæti þess hluta kröfunnar. Samkvæmt því, er fyrr segir, verður nákvæm rannsókn á því, hversu mikill hluti þessarar véfengdu skuldar hefði verið réttmætur, ekki hér gerð, en áætla verður eftir líkum, hversu mikinn hluta allrar kröfunnar hefði verið unnt að heimta inn með þeim hætti, sem gagnáfrýjandi ætlaðist til, og að öðru leyti með hæfilega hraðri og skynsamlegri meðferð. Og þegar lítið er á þau atriði bæði um eignir Leifsfeðga og skuldagreiðslur þeirra til annarra á því tímabili, sem hér skiptir máli, þá þykir mega áætla, að ná hefði mátt um 14000.00 d. kr. af heildarkröfunni. Bætur þær, er dæma ber gagnáfrýjanda, þykja því hæfilega ákveðnar ísl. kr. 12000.00 með vöxtum, svo sem krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda upp í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 2000.00.

Sektarákvæðum héraðsdómsins hefur ekki verið áfrýjað, og ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta þau.

Um meðferð máls þessa í héraði er það athugavert, er nú skal greina: Ekki sést, að ákvörðun hafi verið tekin um skriflegan eða munnlegan málflutning samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936, en málið þó skriflega flutt eftir beiðni gagnáfrýjanda. Frestir voru veittir aðiljum á vixl, eins og eftir hinum eldra hætti á flutningi einkamála í héraði, í stað þess að veita skal nú sameiginlegan frest til gagnasöfnunar. Hefur því hinum mikla skjalafjölda verið raðað eftir því, sem þau voru fyrir hendi, er þing voru haldin í málinu, og hefur þetta mjög torveldað verk dómara málsins. Málsútlistun af hálfu gagnáfrýjanda, sem var sækjandi málsins í héraði, hefur verið mjög ábóta vant einkum sakir óþarfra málalenginga og óheppilegrar efnisskipunar, auk þess sem orðbragð gagnáfrýjanda hefur í héraðsflutningi málsins verið mjög ósæmilegt. Þrátt fyrir

Þessa galla á meðferð málsins af hálfu héraðsdómara og gagnáfrýjanda þykir ekki alveg næg ástæða til að ómerkja málsmeðferð í héraði og dóm.

Þvi dæmist rétt vera:

Sektarákvæði héraðsdóms eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur, Pétur Magnússon, Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason, in solidum isl. kr. 12000.00 með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. sept. 1939.

Mál þetta, sem flutt hefur verið skriflega og dómtekið var 22. júní s. l., er, eftir árangurslausu sátaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. nóv. 1937, af dr. jur. Jóni Dúasyni f. h. firmans Strandvold & Dúason, Kaupmannahöfn, gegn hrm. Pétri Magnússyni hér í bæ til greiðslu skaðabóta, að upphæð danskar kr. 28784.54, ásamt 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins. Í rekstri málsins hefur stefnandi síðan krafizt þess, að hrm. Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson, meðeigendur í málflutningsskrifstofu þeirra Péturs Magnússonar, verði ásamt honum dæmdir samábyrgir eða „subsidiært“ ábyrgir til að greiða hina umstefnu kröfu.

Af hálfu stefnds er þess krafizt, aðallega að mál þetta verði hafið og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Þessa kröfu sína byggir stefndur á því, að orðbragð stefnanda í sóknarskjöllum hans og framkoma öll hafi verið með þeim hætti, að fyrir löngu væri búið að visa honum út úr réttarsal, ef málið hefði verið munnlega flutt, eins og gert hafi verið ráð fyrir í upphafi, en stefndur telur, að sömu reglum eigi að fylgja, þótt skriflegur málflutningur sé viðhafður.

Auk þess að mótmæla þessari kröfu stefnds sem rangri og tilfniðslausri, hefur stefnandi og mótmælt henni sem of seint fram kominni, en hún kemur fyrst fram í síðustu vörn stefnds (rjšk. nr. 245). Ekki þykir þó þessari kröfu stefnds verða hrundið á þeim

grundvelli, þar sem segja má, að hið ósæmilega orðbragð stefnanda hafi jafnvel færzt í aukana, er á málflutninginn hefur liðið, og tilefnið til slíkrar kröfugerðar því ekki verið fyrr fyrir hendi. Á hinn bóginn þykir þessi krafa ekki hafa við rök að styðjast, þar sem stefnanda hefur ekki verið vísað út úr réttarsal vegna ósæmlegrs orðbragðs, eins og einkamálaögin setja að skilyrði fyrir hafningu máls af þessum sökum, en mál þetta hefur verið svo umfangsmikið á allan hátt, að dómariinn hefur ekki haft nokkur tók á að fylgjast jafnóðum með hverju því, er fram hefur komið í skjölum málsins, og gera ráðstafanir vegna þeirra ummæla, sem þar hafa verið viðhöfð.

Tildrög málsins eru þau, að frá því á árinu 1924 átti firma stefnanda í Kaupmannahöfn viðskipti við þá feðga Leif Þorleifsson og Eirik Leifsson, er þá ráku verzlunir hér í Reykjavík og á Akureyri (Verzl. Brattahlíð). Viðskipti þessi voru aðallega í því fólgin, að firma stefnanda útvegaði verzlun þeirra feðga ýmis konar vörur gegn gjaldfresti, og urðu viðskipti þessi ærið umsvifamikil næstu árin, enda varð firma stefnanda þá eins konar umboðsmaður þeirra feðga í Danmörku og m. a. greiddi fyrir þá ýmsar vöruskuldir til annarra þar ytra. Um áramótin 1926—27 var skuld þeirra feðga við firma stefnanda, að sögn hans, orðin d. kr. 21956.00 (rjskj. nr. 165), og þar sem nokkur greiðsludráttur hafði orðið af þeirra hendi, sendi stefnandi þann 31. jan. 1927 stefndum í máli þessu bréf, þar sem hann beiddist þess, að stefndur tæki hjá Leifi Þorleifssyni „bankahæfa tryggingu“ fyrir skuldinni ásamt kostnaði og léti síðan þinglýsa væntanlegu veðbréfi. Jafnframt sendi stefnandi stefndum bréf Leifs, dags. 17. jan. s. á., þar sem Leifur tjáði sig fúsan til að veita firma stefnanda veð fyrir því, sem það ætti hjá þeim feðgum. Reyndi stefndur síðan árangurslaust að fá veð fyrir skuldinni hjá Leifi, og tilkynnti hann stefnanda þau málalok í skeyti, dags. 15. febr. s. á., og bréfi, dags. 23. s. m. (rjskj. nr. 47), þar sem hann í lok bréfsins segir, að stefnandi verði nú að taka sínar ákvarðanir í málinu, en hann (stefndur) muni aðstoða hann, ef hægt sé. — Leið svo og beið fram í okt. 1927, en þá sendi Privatbankinn í Kaupmannahöfn fyrir milligöngu Íslandsbanka stefnda til innheimtu vixil, að upphæð d. kr. 2628.30, pr. $\frac{3}{4}$ 1927, samþykktan af Leifi Þorleifssyni, og gerði jafnframt ráð fyrir því að senda síðar annan vixil, að upphæð d. kr. 9000.00, pr. $\frac{1}{10}$ 1927 á þá Leifsfeðga og Verzlunina Brattahlíð. Segir svo í bréfinu (rjskj. nr. 36), að frá útgefanda vixlanna, stefnanda þessa máls, muni stefndur fá fyrirskipanir um innheimtuna gagnvart nefndum vixilskuldurum. Stefnandi kveðst um þetta leyti eða nokkru fyrr hafa sent stefndum einkabréf, þar sem hann hafi beið hann um að annast innheimtu þessa sjálfur sem sérstakt trúnaðarmál, og hefur þeirri frásögn stefnanda ekki verið mótmælt. Með bréfi, dags. 28. okt. 1927, sendi firma stefnanda síðan

stefnda til innheimtu hlaupareikning (pr. 11. okt. s. á.) á þá Leifsfeðga og Verzl. Brattahlíð, og var reikningurinn að upphæð d. kr. 19825.01; þar af þeir afsögðu víxlar, er áður getur, þá að upphæð d. kr. 11628.30, en hitt voru vextir og kostnaður af framlengingun vixla, samþykktum af Leifsfeðgum. Orsökina til þess, að innheimtan var send stefndum, kveður stefnandi hafa verið þá, að þeir feðgar hafi ekki sett þá tryggingu fyrir skuldinni, sem lofað hafi verið, og er það sama tekið fram í bréfi Privatbankans til Íslandsbanka út af nefndum vixlum. Kveður stefnandi því stefndan hafa átt að sjá um það tvennt, að Leifsfeðgar viðurkenndu alla upphæð hlaupareikningsins frá 11. okt. og að trygging fengist fyrir allri skuldinni skv. gefnum loforðum um það. Í bréfinu til stefnds segir stefnandi, að sé Leifur fús til að greiða „saldo“ reikningsins, en geti ekki greitt hana alla í einu, sé hann fús til að gera þá sátt við hann, að hann setji „bankahæfa („Bankmæssig“) tryggingu fyrir allri upphæðinni og greiði síðan af skuldinni (að meðtöldum kostnaði stefnds) eins mikið og unnt sé þriðja hvern mánuð skv. fyrri skilmálum þeirra á milli. Vilji Leifur ekki ganga að þessu, biður stefnandi stefndan, eftir að hann hafi kynnt sér málið, svo og sagl sér, ef eitthvað kynni að vera athugasemdir við það, að höfða mál gegn þeim feðgum og samtímis eða áður leggja lögghald á fasteignir Leifs og önnur verðmæti skuldaranna til tryggingar vixilskuldinni eða allri skuldinni, ef það þyki gerlegt. Brýnir stefnandi það fyrir stefndum að beita tafarlaust hinum hörðustu aðgerðum í málinu og biður hann um að annast málið eingöngu sjálfur. Jafnframt voru stefndum send ýmis skjöl varðandi málið, þ. á m. nefndur hlaupareikningur og bréfaviðskipti aðilja. — Hinn 17. nóv. 1927 fékk stefnandi síðan símskeyti frá stefndum, þar sem segir: „Thorleifsson 3000 danske kontant lover 3000 hver tredje Maaned tilraader bestemt denne Fremgangsmaade da Arrest utvivlsomt tvinger Debitor til konkurs Bankgaranti kan ekki fremskaffes.“ Þessu kveðst stefnandi hafa svarað með svohljóðandi skeyti: „Trygging húsunum fánleg samþykkja Leifsfeðgar kontókurantinn 19825 danskar kostnaðinn 7% þriðja hvern mánuð framvegis.“ Jafnframt ritaði stefnandi stefndum bréf, dags. 20. nóv. s. á., þar sem hann segist ganga út frá því, að hlaupareikningurinn hafi verið viðurkenndur, og biður um símsvar um það, auk þess sem hann itrekar beiðni sína um hinar hröðustu aðgerðir gagnvart Leifsfeðgum, ef Leifur gefi ekki tafarlaust „acceptabel“ tryggingu, eins og það er orðað. Endurtók stefnandi þetta enn í bréfi, dags. 25. nóv. s. á. En sama dag eða næsta á eftir fékk stefnandi svo hljóðandi skeyti frá stefndum: „Kontokurantens Rigtighed bestrides kan derimod faa Panteret Husene for Vexelbelöbene.“ Þessu svaraði stefnandi svo í símskeyti: „Afbryd Forhandling gör Arrest anlæg Retssager øjeblikkelig.“ Um svipað leyti var af hálfu málfærslumanns Leifs Þorleifssonar, Magnúsar heit.

Guðmundssonar hrm., og islenzka sendiherrans í Kaupmannahöfn reynt að fá stefnanda til að taka aftur eða fresta fyrirskipun hans um málshöfðun, en hann þverneitaði. — Þann 3. des. 1927, 1. jan. og 26. marz 1928 ritaði stefnandi síðan enn stefndum og spurðist fyrir um málið, en kveðst engin svör hafa fengið fyrr en þann 28. apríl, að svo hljóðandi skeyti barst: „Thorleifsson hefur greitt 2000 kr. semur nú við lánardrottna eftirfarandi skilmála: Afhendir vörur fyrir ca. 5000 sem eiga seljast og skiptast pro rata. Húseignirnar veðsetjast rekstrarlán allt að 30000 Mark. Skilyrði vörulager aldrei minna en 60% skuldinni. Greiðir mánaðarlega frá 1. júlí 1500 kr. skiptist pro rata milli lánardrottna með ca. 30000 kröfur. Hérverandi lánardrottinn samþykkir þar sem gjaldþrot annars óhjákvæmilegt Tílræð þetta samkomulag (Ordning) Status sýnir aktiva ofurlítið yfir passiva.“ Þessu skeyti svaraði stefnandi þannig: „Hvaða upphæð dæmd okkur“, er stefndur svaraði með svohljóðandi skeyti: „Uppgerð yðar í endurskoðun hjá Mancher“. Þann 2. maí sendi stefnandi þá þetta skeyti: „Held föstum löghalds-pantinum, hraðið dómum málinu lausu skuldina.“ Jafnframt ritaði stefnandi stefndum bréf, dags. 8. maí s. á., þar sem hann kveðst fastlega gera ráð fyrir því, að stefndur hafi framkvæmt fyrirskipanir hans um löghald og málsókn, og biður jafnframt um tafarlausa skriflega greinargerð um sóknina gegn Leifsfeðgum. Ekkert svar hafi þó borizt. Í maí s. á. kveðst stefnandi hafa átt tal við Eirik Leifsson í Kaupmannahöfn, og hafi hann sagt sér, að þeir feðgar hefðu ekki enn fengið neinn hlaupareikning frá sér. Kveðst stefnandi því hafa símað stefndum og spurt: „Hafa Leifsfeðgar fengið kontokurant hvenær.“ Svar hafi loks borizt þann 25. maí, svo hljóðandi: „Thorleifsson nylig faaet Kopi Opgørelsen.“ Þann 1. júlí s. á. ritaði stefnandi enn stefndum, viðurkenndi móttöku á d. kr. 1449.18 upp í skuld Leifs, en furðaði sig jafnframt á því, hve sú upphæð væri lág, itrekaði fyrri fyrirskipanir og fyrirspurnir um málið og kvaðst gera stefndan ábyrgan, ef settar fyrirskipanir hefðu verið brotnar. Ekkert svar kveðst stefnandi hafa fengið við þessu bréfi sínu, en þann 28. nóv. s. á. hafi sér borizt frá stefndum d. kr. 1558.00 upp í skuldina. Einnig kveðst stefnandi hafa ritað stefndum bréf þann 18. sept. 1929, 7. febr. 1930, 6. júní 1931 og 26. júní 1932 með fyrirspurnum um málið, en engu þeirra hafi verið svarað. Þann 24. apríl 1930 barst honum þó enn innborgun, að upphæð d. kr. 1000.00. Loks skrifaði stefnandi stefndum þann 14. sept. 1933 og bað um, að sér yrði sent allt málið ásamt loka-greinargerð og fyrirskipuðum tryggingum, og svaraði stefndur því með bréfi, dags. 26. okt. s. á., þar sem hann kveðst hafa sent nefnt innheimtumál til Privatbankans ásamt uppgjöri, er sýni d. kr. 158.33 stefnanda til góða, og telur stefnandi sig hafa fengið þá upphæð nokkurn veginn, eða d. kr. 158.00, þann 1. des. s. á. Þann 17. des. s. á. ritaði stefnandi stefndum enn bréf, þar sem hann mótmælti nefndri

sendingu, þar sem í henni fælist ófullnægjandi greinargerð um starfsemi stefnds í þágu stefnanda og krafðist fullkominnar skilagreinar. Enn fremur krafðist hann þeirra skilríkja, er hann hafði farið fram á, svo sem réttarskjala í fyrirskipuðum málum gegn Leifsfeðgum, tryggingarbréfa o. s. frv. Þessu bréfi kveður stefnandi stefndan og hafa látið ósvarað. Í nóv. 1934 kveðst stefnandi síðan hafa séð í Lögbirtingablaðinu um gjaldþrot Leifs Þorleifssonar og þá hafa lýst kröfu, að upphæð d. kr. 53953.90, í búið og sent kröfulýsinguna ásamt bréfi með endurteknum umkvörtunum til stefnds, er kom kröfulýsingunni á framfæri, en ekkert fékkst greitt af kröfunni frekar en af öðrum almennum kröfum í þrotabúið.

Eftir þetta kveðst stefndi hafa veikzt og hafa legið veikur í næstu tvö ár. En er hann kom hingað til lands í apríl 1937, ritaði hann stefndum enn bréf, þar sem hann bað um skriflega greinargerð fyrir því, hvað stefndur hefði gert í málinu, og krafðist svars við því, hvers vegna stefndur hefði látið ósvarað hinum mörgu fyrirspurnum sínum um málið og hvers vegna hann hefði ekki sent fullnægjandi skilríki í okt. 1933, jafnframt því sem stefnandi kvaðst telja stefndan ábyrgan fyrir fullri greiðslu á oftnefndri skuld, er stefnandi taldi þá nema d. kr. 91973.71 (pr. 30. apríl 1937). Þessu bréfi kveður stefnandi stefndan heldur ekki hafa svarað. Í júní eða júlí s. á. kveðst stefnandi síðan hafa átt tal við stefndan, og hafi hann þá komið að raun um, að hann hefði algerlega vanrækt nefnda innheimtu fyrir sig með því að þverbrjóta allar fyrirskipanir sínar, þótt unnt væri að framfylgja þeim til hins ýtrasta, og halda sig þessu leyndan árum saman, þannig að kröfur hans gegn Leifsfeðgum séu nú fyrndar, auk þess sem þeir séu nú orðnir félausir menn. Heldur stefnandi því þess vegna fram, að stefndur beri ábyrgð á því tjóni, er hann telur sig hafa orðið fyrir af þessum sökum, og nemur sú upphæð d. kr. 28784.58, eins og áður greinir.

Stefndur heldur því hins vegar fram og byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að jafnvel þótt talið yrði, að stefnandi kynni að eiga einhverja kröfu á hendur sér vegna innheimtustarfsins, sem hann mótmælir, þá sé sú krafa niður fallin fyrir vangeymslu; krafan hafi verið endursend stefnanda þann 26. okt. 1933, en mál þetta höfðað í nóv. 1937, og með því að láta svo langan tíma liða, án þess að aðhafast nokkuð til þess að leita réttar síns, telur stefndur, að stefnandi hafi firrt sig öllum rétti til bóta.

Auk þess að mótmæla þessari sýknuástæðu stefnds sem rangri, hefur stefnandi mótmælt henni sem oft seint fram kominni, en stefndur hreyfði henni ekki fyrr en í annari vörn sinni (rjskj. nr. 163). Verður að fallast á það með stefnanda, að sýknuástæða þessi sé of seint fram komin, þar sem stefndum var frá upphafi málsins ljóst, hver gangur málsins hafði verið, og hefði því getað hreyft þessari varnarástæðu þegar í fyrstu vörn (greinargerð). Verður sýknu-

krafa stefnda af þessum sökum því ekki tekin til greina, enda virðist hún ekki hafa við rök að styðjast.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að innheimtustarfsemi hans í þágu stefnanda hafi að öllu leyti verið heppilega og forsvaranlega rekin og árangurinn eftir atvikum góður.

Því er ekki mótmælt, að bréfaskipti þau, sem að framan eru rakin, hafi farið fram. Hins vegar staðhæfir stefndur, að fleiri bréf frá hans hendi hafi verið send stefnanda, en gegn eindregnum mótmælum stefnanda eru þó ekki færðar á það sönnur.

Þá heldur stefndur því fram, að þær tvær ásakanir, — að ekki hafi verið tekin trygging hjá Leifsfeðgum, þótt unnt væri, og að innheimtustarfið hafi verið rekið á vitaverðan hátt, — sem að hans áliti gætu bakað honum skaðabótaskyldu í þessu sambandi, ef sannaðar væru, hafi ekki við nein rök að styðjast. — Um fyrra atriðið sé það að segja, að þegar í okt. 1927 hafi verið lögð á það rik áherzla, að Leifsfeðgar gæfu stefnanda fullgildar tryggingar fyrir kröfum hans. Hafi því verið neitað eindregið í upphafi og því barið við, að krafa stefnanda væri svo fjarri lagi, að ekki kæmi til mála að veita tryggingu fyrir henni, auk þess sem ekki hafi verið grunlaust um, að efnahag þeirra feðga hafi verið svo komið, að þeir hafi ekki þorað að ivilna einum skuldheimtumanni öðrum frekar. En þegar þeim feðgum hafi verið á það bent, að beitt yrði við þá hinum hörðustu aðgerðum, ef þeir hvorki greiddu neitt né settu tryggingu, þá hafi Leifur boðizt til að veita veð í eigninni nr. 25 við Laugaveg, en þó aðeins fyrir vixlunum. Hafi stefnanda þá verið sent skeytið frá 25. nóv. 1927, en svarskeyti hans („Afbryd Forhandling o. s. frv.“) hafi ekki orðið skilið á annan hátt en þann, að stefnandi vildi ekki veðið í fasteigninni til tryggingar vixlunum og hafi því að sjálfsgöðu ekki komið til mála að ganga frá veðbréfum þar að lútandi. Enn fremur telur stefndur, að hin framboðna trygging hafi ekki verið „bankahæf“, eins og stefnandi hafði krafizt, þar sem á eigninni hafi hvílt samtals kr. 42000.00, en fasteignarmat hennar sé kr. 31500.00. Auk þess sé upplýst, að þeir Leifsfeðgar hafi með skuldabréfi, útg. 30. júní 1927, til I. Brynjólfsson & Kvaran vegna firmans Aitken & Wright skuldbundið sig til að veðsetja því firma eignina til tryggingar skuld, að upphæð £ 800. Hefur annar eigandi firmans I. Brynjólfsson & Kvaran Gunnar Kvaran borið það fyrir rétti og staðfest með eiði, að þeir hefðu ekki sætt sig við, að aðrir kröfuhafar fengju veð í eigninni, heldur mundu þeir hafa fengið sliikum veðréttindum riftað. — Um *annað* atriðið heldur stefndur því fram, að þegar þann 13. okt. 1927 hafi þeir Leifsfeðgar verið krafðir um greiðslu og síðan margsinnis, en þeir hafi barið því við, að þeir gætu ekki greitt, auk þess sem viðskiptareikningur stefnanda væri al-rangur, upphæðin allt of há. Hafi þeir fengið Magnús heit. Guðmundsson hrm. sér til aðstoðar, er einnig hafi talið, að

reikninginn væri ekki unnt að leggja til grundvallar kröfum stefnanda. Þeir feðgar hafi þó lofað greiðslum upp í kröfu stefnanda, en er þau loforð hafi brugðizt, kveðst stefndur hinn 2. apríl 1928 hafa snúið sér til bæjarfógetans hér í bæ með beiðni um, að lagt yrði löghald á eignir þeirra feðga til tryggingar framangreindum vixlum. Hins vegar hafi ekki þótt fært að krefjast löghalds til tryggingar hinum hluta kröfunnar, þar sem slíkt hefði ekki fengizt nema með hárrí tryggingu, auk þess sem sá hluti kröfunnar hafi að sínu áliti verið fjarri öllu lagi. Löghaldsgerðin hafi síðan hafizt þann 3. apríl, en í fógetaréttinum hafi því verið lýst yfir af hálfu þeirra feðga, að þeir gætu ekki greitt og ef löghaldið yrði framkvæmt, myndu þeir verða að beiðast gjaldþrotaskipta. Hins vegar hafi Eiríkur Leifsson sagzt geta útvegað 2000 kr. gegn því, að ekki yrði gengið að þeim feðgum á næstunni. Jafnframt hafi hann skuldbundið sig til að afhenda vörur frá verzlun þeirra feðga á Akureyri og skyldi andvirði varanna skiptast milli þeirra kröfuhafa, er rikast gengju eftir greiðslu, þ. á. m. stefnanda þessa máls. — Eftir að hafa rannsakað efnahag þeirra feðga eftir föngum, kveðst stefndur hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að þýðingarlaust mundi vera að halda löghaldinu áfram og eina úrræðið væri að taka við þessum framboðnu 2000 kr. auk vörubirgðanna, en reyna síðan að innheimta frekari fjárhæðir, eftir því sem kostur væri á. Með þessum hætti hafi síðan tekizt að innheimta eftirtaldir upphæðir: á árinu 1928 kr. 4168.91 — árin 1929—30 kr. 1275.00, árið 1931 kr. 667.84, eða alls kr. 6110.85, sem, að frádregnum kostnaði, hafi verið sendar Privatbankanum. Hafi krafan verið í sínum höndum til 26. okt. 1933, er hún ásamt öllum fylgiskjölum hafi verið send til bankans, er hvorki fyrr né síðar hafi kvartað yfir meðferð innheimtunnar, og hafi bankinn þó fylgzt með innheimtustarfinu. Enn fremur telur stefndur, að það að ekkert bréf hafi borizt frá stefnanda þessu máli viðvikjandi frá 1. júlí 1928 til 18. sept. 1929 hafi gefið sér ástæðu til að ætla, að hann hefði ekkert út á meðferð málsins að setja.

Um efnahag þeirra Leifsfeðga á þeim tíma, er krafa stefnanda var til meðferðar hjá stefndum, heldur hann því fram, að hann hafi verið svo slæmur, að ekkert viðlit hafi verið að ganga að þeim feðgum. Skirskotar hann í því sambandi til bréfaviðskipta þeirra feðga og stefnanda (t. d. bréfs Leifs 6. okt. 1926 (rjskj. nr. 89), 17. nóv. og 27. nóv. 1927 (rjskj. nr. 215), bréfs Leifs til Guðmundar Ólafssonar, dags. 20. júlí 1932 (rjskj. nr. 177 sbr. 178), yfirlýsingar Guðlaugs Þorlákssonar (rjskj. nr. 170) um innheimtu á Leifsfeðga á árunum 1927—28, efnahagsupplýsingar um þá feðga frá skrifstofu stefnds (rjskj. nr. 172—174), útskriftar úr skiptaréttarbók Reykjavíkur (rjskj. nr. 12) um eignir og skuldir Leifs við gjaldþrotið 1934 svo og vitnaframburða þeirra hrm. Lárusar Jóhannessonar, Garð-

ars Þorsteinssonar, Lárusar Fjeldsteds og Theódórs B. Líndals, er stefndur telur sýna, að árangur innheimtunnar hafi eftir atvikum verið góður, svo og að tiltekinn lánardrottinn mundi árið 1930 hafa gengið að Eiríki Leifssyni, ef aðrir hefðu hreyft sig. Enn fremur hefur stefndur í þessu sambandi bent á áðurnefndan vitnaframburð Gunnars Kvarans.

Eins og áður er tekið fram, verður að leggja þau bréfaskipti aðiljanna, sem að framan eru rakin, til grundvallar í málinu. Samkvæmt þeim og þeirri skýrslu um málsatvik, sem stefndur hefur gefið hér að framan, þykir ljóst, að stefndur hefur, — auk þess að svara ekki nema að litlu leyti ítrekuðum fyrirspurnum stefnanda um málið og það þótt sjá mætti af bréfum hans, að hann færi villt um framkvæmdir stefnds, — að verulegu leyti brotið fyrirskipanir þær, er stefnandi gaf honum um rekstur innheimtustarfsins gagnvart þeim Leifsfeðgum. Má í þessu sambandi benda á, að stefnandi biður stefndan þegar í upphafi og áréttar það síðan hvað eftir annað, að hann fari eingöngu sjálfur með málið, og gerir stefndur engan fyrirvara um þá beiðni stefnanda, en samt verður ekki annað séð en að aðrir en stefndur hafi mikið um málið fjallað. Þá er það og beint áskilið af stefnanda, að málinu sé sérstaklega hraðað og verði nefndum kröfun hans á þá Leifsfeðga ekki fullnægt með samkomulagi, sé hörðustu aðgerðum beitt gegn þeim og þá sérstaklega óskað löghalds og málssóknar, þó að því tilskildu, að stefndur finni ekkert sérstakt athugavert við kröfur stefnanda með hliðsjón af meðfylgjandi gögnum, enda biður stefnandi stefndan um að láta sig vita, ef um eitthvað slíkt sé að ræða. Ekki verður séð, að stefndur sjálfur hafi gagnrýnt kröfurnar á Leifsfeðga við stefnanda fyrr en í máli þessu, og þótt stefnandi, eftir að hafa sagt stefndum að hætta sammingsumleitunum við Leifsfeðga, með skeyti sínu seinast í nóv. 1927 hafi skipað að framkvæma tafarlaust löghaldsgerð og höfða mál, þá er ekki framkvæmt neitt í þá átt fyrr en þann 3. apríl 1928. Auk þess heldur stefnandi því fram, að innheimtan hafi á annan hátt verið slæga rekin, eins og síðar verður vikið að.

Rétturinn litur því svo á, að verði talið, að stefnandi hafi beðið tjón vegna þessara aðgerða stefnds, þá beri honum, sbr. N.L. 1—9—13, að bæta stefnanda það. — Kemur þá næst til álita, hvort stefndur hefði með því að fylgja röggssamlega fyrirskipunum stefnanda átt að geta náð inn meiru en raun varð á af kröfunni á þá Leifsfeðga.

Um tilraunir stefnds til að fá tryggingu fyrir kröfu stefnanda með samkomulagi við þá feðga er það að segja, að stefnandi hefur haldið því fram, að skeyti sitt („Afbrýð Forhandlingar“ o. s. frv.) hafi alls ekki átt að skiljast svo, að hann hafnaði hinum framboðnu greiðslum og veði Leifs fyrir vixlunum, enda beri undangengin bréf

sin til stefnds það með sér, að hann vildi engri tryggingu afsala sér, auk þess sem hann heldur því fram, að stefndum hafi borið að senda sér tafarlaust fyrirspurn um þetta atriði, ef hann hafi lagt þennan skilning í umrætt símskeyti. — Í bréfi sínu til stefnds, dags. 28. okt. 1927, setur stefnandi það skilyrði fyrir samkomulagi við Leif, að hann setji „bankahæfa tryggingu fyrir allri kröfu-upphæðinni auk þargreindra afborgana, og í bréfi sínu þann 20. nóv. s. á. talar stefnandi í þessu sambandi um „acceptabel“ tryggingu. Þegar stefnandi því í skeyti sínu í nóv. segir: „Afbryd Forhandling“ við skeyti stefnds um, að Leifur bjóði veð í fasteign sinni fyrir víxlunum, og hafði ekki gefið til kynna samþykki sitt við tilboðinu í skeytinu frá 17. nóv. s. á., þá verður að telja eðlilegt, að stefndur legði þann skilning í hið eindregna orðalag í nefndu skeyti stefnanda, að hann vildi ekki ganga að þeim sammingslegu tilboðum Leifs um afborganir og veð, sem að framan er lýst. Og þar sem stefnandi hafði í áðurgreindum bréfum ekki gert ráð fyrir öðru, að því er sammingsleiðina snerti, en að trygging („bankmæssig“ eða „acceptabel“) væri gefin fyrir allri skuldinni, þá verður ekki talið, að stefndur hafi haft ástæðu til frekari fyrirspurna út af nefndu skeyti stefnanda. Framkoma stefnds að þessu leyti verður því ekki talin honum til áfellis. Er þá næst að athuga, hvort ætla megi, að unnt hafi verið með nokkrum árangri að framkvæma hinar aðrar fyrirskipanir stefnanda gagnvart þeim Leifsfeðgum. — Stefndur hefur haldið því fram í málinu, eins og þegar í skeytinu frá 17. nóv. 1927, að framkvæmd löghaldsgerðar hjá þeim feðgum mundi tvímælalaust hafa leitt til gjaldþrots þeirra, enda hafi þeir hótað því, er löghaldsins var beiðzt í apríl 1928, eins og áður greinir. Stefndandi hefur mótmælt því eindregið, að þeir Leifsfeðgar hafi við þetta tækifæri sagzt mundu beiðast gjaldþrotaskipta. Í uppkasti að yfirlýsingu, er Guðlaugur Þorláksson hafi gert handa Leifi til að skrifa undir (rjskj. nr. 179) og Guðlaugur segir vera nákvæma lýsingu á samtali, er hann hafi í febrúar 1938 átt við þá feðga, en Leifur síðar vildi ekki skrifa undir, — segir að visu, að þeir feðgar hafi tekið þetta fram í fógetaréttinum í apríl 1928. Þetta yfirlýsingar-uppkast hefur ekki að þessu leyti verið borið undir Leif fyrir rétti og getur því ekki gegn mótmælum stefnanda talizt styðja nefnda staðhæfingu stefnds. Í nokkrum bréfum þeirra feðga frá þessum tíma eða nokkru fyrr tala þeir reyndar um það, að þeir muni neyðast til að „gefa sig upp“, ef stefnandi gangi hart að þeim með kröfu sína, en þau ummæli þeirra verða þó ekki talin hafa neina sérstaka þýðingu í þessu efni, heldur verður að leggjast til grundvallar það, sem upplýst er um efnahag þeirra á þessu tímabili.

Gögn þau, er stefndur hefur skv. framansögðu bent á til styrktar því áliti hans, að efnahagur þeirra feðga hafi um þessar mundir verið mjög bágborinn, virðast ekki vera fullnægjandi að þessu leyti.

Bréf þeirra feðga til stefnanda, þar sem þeir barma sér yfir þröngum fjárhag, geta ekki gegn mótmælum stefnanda talizt sönnun fyrir sliku, enda liggja fyrir bréf þeirra til annarra aðilja um svipað leyti, sem gefa hið gagnstæða í skyn, eins og t. d. bréf Leifs til Landsbankans, dags. 28. jan. 1928 (rjskj. nr. 193). — Sama er að segja um yfirlýsingu Guðlaugs Þorlákssonar, er stefnandi hefir mótmælt sem aðiljaskýrslu, þar sem talið er, að sjö tilgreindar kröfur á þá Leifsfeðga hafi verið afhentar skrifstofu stefnda til innheimtu á árunum 1927—1929. Upphæð þeirra krafna nemur samtals um d. kr. 7270.00, n. kr. 1277.00 og holl. fl. 1647.00, en af þeim eru aðeins tvær afhentar stefndum til innheimtu á undan kröfu stefnanda, eða krafa, að upphæð ca. d. kr. 1550.00, og hollenzka krafan, en hún hefur verið greidd upp skv. framlögðu vottorði frá firmanu. — Efnahagsupplýsingum frá skrifstofu stefnds um þá Leifsfeðga á árunum 1927—28 hefur einnig verið mótmælt sem sjálfgerðum aðiljaskýrslum, og þykja þær því heldur ekki vera fullnægjandi í þessu efni. — Sama er að segja um bréf Leifs Þorleifssonar til Guðmundar Ólafssonar frá 20. júlí 1932, þar sem þá er svo langt um liðið frá því, að krafa stefnanda kom til innheimtu, enda viðurkennt af stefnanda, að þá muni hafa verið farið að þrengjast um efnahag þeirra feðga. — Útskriftin úr skiptaréttarbókinni viðvikjandi gjaldþrotaskiptum Leifs árið 1934 þykir heldur ekki hafa neina verulega þýðingu um þetta atriði, enda er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að hinar lýstu, almennu kröfur séu frá 1930 eða yngri, að undanskilinni kröfu stefnanda og sex áðurgreindum kröfum, sem voru til innheimtu hjá stefnda. — Framburður Lárusar Jóhannssonar hrm. um innheimtu á Eirík Leifsson árin 1927—28 gefur síður en svo í skyn miklar vanskilaskuldir eða greiðsluvandræði af hans hendi, og Garðar Þorsteinsson hrm. hefur borið, að hann sjái ekki, að hann hafi haft kröfur til innheimtu á þá feðga á þessu tímabili, og sé sér því ókunnugt um greiðslugetu þeirra þá, en hins vegar kveðst hann eftir 1932 oft hafa haft innheimtur á þá og hafi greiðslugeta þeirra þá virzt vera mjög takmörkuð. — Vitnisburður Lárusar Fjeldsteds hrm. fjallar um innheimtu á Eirík Leifsson á árinu 1930 og virðist því ekki hafa þýðingu í þessu sambandi. — Theódór B. Lindal hrm. hefur og borið það, að hann hafi haft innheimtu á Leifsfeðga á árunum 1927—30 og hefur verið talið heppi-legast að ná kröfunum inn með afborgunum og ekki ganga hart að, því að bæði hafi þeir feðgar lýst hag sínum illa og kunnugt um, að á þeim hvildu miklar gjaldkræfar skuldir, en eignir aðallega vörur með vafasömu verðmæti. Þessi framburður Theódórs B. Lindals svo og það álit hans og hinna annarra áðurnefndu hæstaréttarmálflutningsmanna, að árangur sá, er stefndur hafi náð í innheimtunni fyrir stefnanda, verði eftir atvikum að teljast góður, virðist ekki hafa neina sjálfstæða þýðingu í þessu máli, þar sem allir þessir

málflutningsmenn hafa borið það, að bæði sé þeim ókunnugt um fyrirskipanir stefnanda til stefnds um innheimtuna svo og þær upplýsingar um hag Leifsfeðga á nefndu tímabili, sem raktar verða hér á eftir.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að Leifur Þorleifsson hafi verið „solvent“ a. m. k. fram eftir árinu 1928 og Eiríkur sonur hans að minnsta kosti til ársins 1931.

Um efnahag Leifs er þetta upplýst: Hann gegndi um þetta leyti gjaldkerastöðu hjá Slippfélaginu með 9—10 þús. kr. árslaunum og hafði fyrir fáum að sjá. Fasteign hans á Laugaveg 25 var þá veðsett fyrir 17 þús. kr. láni á 1. veðrétti og hálfu 25000 kr. reikningsláni á öðrum veðrétti. Fasteignamat eignarinnar er að visu aðeins kr. 31500.00, en Leifur hefur borið það fyrir rétti, að hann mundi ekki hafa viljað selja eignina á árinu 1926 fyrir minna en 85—90 þús. kr., og stefnandi staðhæfir, að sannvirði eignarinnar muni um þetta leyti ekki getað hafa numið minnu en tvöföldu fasteignamatsverði, og virðist það mjög sennilegt eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu. — Stefnundur hefur haldið því fram, eins og áður hefur verið minnzt á, að loforð Leifs um veðsetningu til firmans Aitken & Wright hafi staðið í vegi fyrir tryggingu handa stefnanda, og hefur stefndur þá sérstaklega skírskotað til vitnisburðar Gunnars Kvarans um, að Aitken & Wright mundu hafa fengið riftað þeim veðréttindum, er aðrir kynnu þá að hafa fengið í eigninni. Þrátt fyrir þetta loforð um veðsetningu verður þó ekki séð, að nefnt firma hafi neitt skipt sér af því, þótt fasteign þessi væri veðsett í apríl 1928 fyrir 30 þús. marka láni, í nóv. 1930 fyrir 12 þús. kr. skuld og í okt. 1933 fyrir 2800 kr. skuld. Annars höfðu þeir Leifsfeðgar frá 11. júní 1927 til 31. okt. 1929 greitt af nefndri skuld til Aitken & Wright samtals kr. 15310.27, og þar af á tímabilinu frá 11. júní til 25. okt. 1927, eða áður en krafa stefnanda kom til innheimtu hjá stefnda, kr. 7900.00 (rjskj. nr. 40). Það verður því ekki litið svo á, að þessi krafa Aitken & Wright hafi getað orðið nein sérstök hindrun fyrir því, að stefnandi hefði að talsverðu leyti fengið fullnægju í nefndri fasteign Leifs frá því í nóv. 1927 og þar til í apríl 1928, en það er sá tími, sem aðallega virðist koma til greina í þessu sambandi. Þann 23. apríl 1928 veðsetti Leifur húseignina, eins og áður er getið, fyrir 30 þús. marka rekstrarláni handa Eiríki Leifs-syni, en það lán virðist þó ekki hafa verið notað nema að litlu leyti. — Þá er því ómótmælt haldið fram af stefnanda, að þann 1. ágúst 1927 hafi í verzluninni Brattahlíð á Akureyri legið um 30 þús. kr. verðmæti og vörur í útbúi þeirrar verzlunar á Siglufirði hafi verið váttryggðar fyrir 15 þús. kr. þá um sumarið. Kom eldur upp í þeirri verzlun um þetta leyti, og fengust greiddar 9 þús. kr. brunabætur. Báðar þessar verzlanir voru lagðar niður um áramótin 1927—28, eftir að mikil sala hafði farið fram á Akureyri, og af-

gangurinn af vörunum fluttur til Reykjavíkur. Var ekkert reynt að ná fullnægju í verðmætum þessara verzlana á nefndu tímabili, og það þótt stefnandi hefði í bréfum sínum til stefnds einmitt sérstaklega bent á verzlarnir þessar sem vel til þess fallnar.

Að því er snertir efnahag Eiríks Leifssonar er þetta upplýst: Hann seldi á árinu 1927 matvöruverzlun, sem hann hafði rekið hér í bænum, og benti stefnandi stefndum á það í bréfi sínu frá 28. okt. 1927, að til muni vera fullnægjuhæf verðmæti hjá Eiríki í sambandi við þessa sölu, án þess þó að séð verði, að stefndur hafi aðhafzt nokkuð að því leyti. — Í skóbúð Eiríks var á árinu 1927 mismunur á „kredit“hlið og vöru„konto“ og útsölureiknings kr. 11783.25, og í lok ársins greiddi Eiríkur einu einasta erlendu firma kr. 12128.00 og þremur öðrum til samans kr. 15409.62. Í uppgerð sinni frá 13. maí 1928, sem að visu er véfengd af stefndum, gefur Eiríkur upp vörulager að verðmæti um 30 þús. kr., útistandandi skuldir um 15 þús. kr. og verðbréf kr. 10500.00. Og í lok þess árs gaf Eiríkur upp sem skuldlaus eign til skatts kr. 13200.00 og um 8 þús. kr. „netto“-árstekjur. Ári 1928 var mismunur á „kredit“-hlið vöruheiknings og útsölureiknings kr. 23591.99, og um 40 þús. kr. voru greiddar erlendum firmum á því ári. Á árinu 1929 keypti Eiríkur enn skóvörur fyrir rúmlega 200 þús. kr. og á árinu 1930 fyrir um 157 þús. kr., og á árinu 1929 voru erlendum firmum greiddar um 83 þús. kr. Skótai þetta var að verulegu leyti keypt af einu firma. Thos. Rankine & Co. Ltd., og hefur einn af þáverandi eigendum firmans vottað (rjskj. nr. 153), að skótai þetta hafi verið selt Eiríki, en ekki sent í umboðssölu. Þá hafa og fjögur vitni borið það, að um þessar mundir hafi verið til gífurlegar birgðir af skótai hjá Eiríki Leifssyni, og hefur eitt vitnið, Konráð Árnason, sem var í þjónustu Eiríks árin 1928—1934 og hafði á hendi bókhald verzlunarinnar á árunum 1928—29 og 1931—34, borið það, að Eiríkur hafi auk þess átt miklar birgðir af skótai annarsstaðar, m. a. í umboðssölu úti á landi. Enn fremur hefur vitni þetta borið, að á árunum 1929—31 hafi þeir feðgar greitt mikið af skuldum sínum frá fyrri árum, en sér hafi fundizt, að stefndur gengi slælega eftir skuld stefnanda í samanburði við ýmsa aðra lögfræðinga.

Skv. framanskráðu virðist því einnig hafa verið um veruleg verðmæti að ræða hjá Eiríki Leifssyni, er unnt hafi verið að leita fullnægju í, a. m. k. á árunum 1928—30.

Stefndur hefur, auk þess sem að framan er getið, fært það fram sér til sýknu, að stefnandi hafi beint krafizt „bankahæfrar“ tryggingar fyrir allri skuld sinni, en um slíka tryggingu hafi ekki getað orðið að ræða. — Í bréfi sínu frá 20. nóv. 1927 linaði stefnandi þó á kröfu sinni að þessu leyti, þannig að hann krafðist þá aðeins „acceptabel“ tryggingar, og þegar hann í bréfi sínu frá 28. okt.

s. á. talar um, að löghald verði lagt á eignir þeirra feðga, segir hann, að það skuli gert til tryggingar víxilskuldinni „og om görligt ogsaa til Sikring af den övrige Saldo“. Þessi sýknuástæða stefnds þykir því ekki hafa við rök að styðjast. — Sama er að segja um þá vörn stefnds, að Privatbankinn hafi ekkert haft við innheimtustarfið að athuga, þar sem það er ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að sá banki hafi neitt fylgzt með starfi stefnda eða skrifazt á við hann um málið umfram það, er segir í bréfi bankans frá 22. sept. 1927, er hann bað stefndan fyrir innheimtuna á víxlunum, svö og í fyrirspurn um málið í bréfi frá 23. ágúst 1932, sem stefnandi hefur ómótmælt haldið fram, að stefndur hafi látið ósvarað. — Ekki verður heldur fallizt á þá staðhæfingu stefnds, að það að stefnandi hafi ekki skrifað sér neitt þessu máli viðkomandi frá 1. júlí 1928 til 18. sept. 1929 hafi gefið honum ástæðu til að ætla, að stefnandi hefði ekki neitt út á meðferð málsins að setja. Því auk þess sem stefnandi hefur haldið því fram, án þess að því hafi sérstaklega verið mótmælt af stefndum, að hann muni á nefndu tímabili einnig hafa sent stefndum nokkur handrituð bréf, er hann hafi ekki nú afrit af, — þá þykja bréf stefnanda frá 1. júlí 1928 og þar á undan og bréf hans frá 18. sept. 1929 og þar á eftir sýna svo ákveðnar fyrirskipanir og umkvartanir af hans hálfu, að engin réttmæt ástæða hafi verið til að ætla, að stefnandi væri ánægður með rekstur innheimtustarfsins.

Sýknukrafa stefnds getur því ekki orðið tekin til greina, heldur verður að telja, með skirskotun til framanritaðs, að unnt hafi verið fyrir stefndan að ná meiru inn af kröfu stefnanda á nefndu tímabili hjá þeim Leifsfeðgum en raun varð á, og það jafnvel þótt aðgerðirnar kynnu að hafa leitt til opinberra skipta á búi þeirra Leifsfeðga. En með tilliti til þess, sem upplýst er um skuldir þeirra feðga á nefndu tímabili, og annars, sem fram hefur komið í málinu, þykir þó ekki fullyrðandi, að unnt hafi verið að ná inn öllu því, er eftir stóð af kröfu stefnanda, er innheimtu stefnds lauk, heldur þykir hæfilegt að telja, að stefndum beri að bæta stefnanda d. kr. 6000.00 af þessum sökum. — Þótt viðskiptareikningur stefnanda frá 11. okt. 1927 sé véfengdur af stefndum, þá er hann þó viðurkenndur að svo miklu leyti, að þessi niðurstaða leiðir til þess, að ekki þarf frekara að athuga réttmæti reikningsins.

Stefnandi hefur í rekstri málsins gert kröfur um það, að stefndum verði gert að greiða sér upphæðir, er hann telur, að stefndur hafi fengið upp í kröfu sína á hendur Leifsfeðgum, en ekki skilað sér. Þessar óákveðnu kröfur stefnanda eru á engan hátt svo rökstuddar, að þær geti orðið teknar til greina gegn mótmælum stefnds.

Eins og áður er tekið fram, hefur stefnandi krafizt þess, að þeir herm. Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson verði dæmdir

samabyrgir stefnda til að greiða hinar umstefndu skaðabætur. Þessari kröfu stefnanda hefur á engan hátt verið mótmælt, enda hefur hrm. Einar B. Guðmundsson haldið uppi vörnum í málinu, að því er virðist, fyrir þá félaga alla saman. — Úrslit málsins verða því þau, að þeir verða dæmdir in solidum til að greiða stefnanda áður- nefndar d. kr. 6000.00 ásamt vöxtum, er gegn mótmælum verða ekki tildæmdir hærri en 5% og teljast frá 21. okt. 1937. Enn fremur verður þeim gert að greiða stefnanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Stefnandi hefur viðhaft með afbrigðum ósæmilegt orðbragð í sóknarskjölum sínum. Hefur stefndur krafizt þess, að eftirfarandi ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi sektaður fyrir þau:

Á rjskj. nr. 163 a:

- I.
 1. „Nokkru eftir bakað mér“
 2. „Auk þess í fjárdráttariðn sinni.“
 3. Hann hagar sér að launum?“
 4. „Ég lit svo á, svik við mig.“
- II.
 1. „Þetta þori ég sem perfida málfærslu“
 2. „en andstæðingur minn leggja fram.“
 3. „Allar mínar fyrirskipanir í ofanálag.“
 4. „Þegar hann fær það svar baka mér skaða?“
 5. Það er ekki annað sýnilegra ekki greiðast“
 6. „Hann hefur sjálfur ná því marki.“
 7. „Sá innheimtumaður orði hans.“
 8. „Hann sveik mig leynd við mig.“
 9. „Tilgangur umboðsmanns færi fram“
 10. „Tilgangurinn var leynd við mig“
 11. „Umboðsmaður minn sviksamlegri leynd.“
 12. „Þegar fyrir þennan tíma er ekki svo?
 13. „Með svikum ég fái hana.“
 14. „Í öllu þessu þessu hugarfari.“
 15. „Innheimta“ umboðsmanns einsdæmi.“
 16. „Þarna var því upplagt færi umkvörtunarlaust.“
 -
 17. „Hann á fulla sök um að kenna“
 18. „Satt þykist hann segja frá upphafi til enda“
 19. „og leyndi mig því leynd“
 20. „Af því að það var Leifsfeðgum leynd við mig“
 21. „Hefði umboðsmaður minn fyrirskipanir mínar“
 -
 22. „stefnda er nú augljóst Isbjörn“
 23. „Hann sveik mig á árinu 1933.“
 24. „Ég spyr, hvað eru svik 1933“
 25. „Hér er svika mögulega skýringin.“

26. „Til að skýra þetta framkomu stefnda.“
27. „Það eitt, sem stendur í vegi og greiðslu.“
28. „Og stefndur hjálpa Leifi.“
29. „Hann leyndi mig fyrirskipunum mínum.“
30. „En ég setti þá fram þá spurningu af Leifsfeðgum.“

Á rjskj. nr. 246:

- III. 1. „Það má eflaust telja verjanda í þessu máli.“
2. „Það er hægt að vara sig svikin fóru fram.“
3. „Geysileg voru mín vonbrigði að afhjúpast.“
4. „.... fullkomnir glæpamenn einasta símskeyti.““
5. „Svona haga sér „mútan er mannsins herra og maðurinn hennar þræll“ Hvað fékk stefndur að launum?“
6. „Þetta var „júdasarkoss stefnda til mín“
7. „Visvitandi niðingslega.“
8. „....„Á stefndur staðreyndir.“
9. „Menn ættu að geta hvað hann hefur gert“
10. „Umboðsmaður, in casu stefndi fyrir gerðum sínum“
11. „„svikaranum“ „svikaranum var falið að sækja“
12. „Ég hef áður leitt rök að því sáttakæran sýnir.“
13. „Ég þekkti málfærslumann i umsetningunni?“
14. „Gremja verjanda i máli þessu.“
15. „að stefndur i sviksamlegum hug.“
16. „stefndur hefði farið og hann gerði“
17. „og Magnús kunni það ráð þessu ráðabruggi þeirra.“
18. „Ástæða fyrir því til Leifs verið sú“
19. „Það var að visu fullkomin ósvífni leiddur sem vitni“
20. „og hræddi Leif ósannsögli i réttinum.“
21. „er vissulega um of inn á þessa braut.“
22. „Að Magnús kom því til leiðar synjun upplýsinga“
23. „Var stefndur smeikur um viðskipti hans við aðra“
24. „Verjandi er svo forsjáll undan verjanda.“
25. „stefndur finnur ofur vel til þess til að undirrita.“
26. „sem ytra tilefni leyndu mig svikunum.“
27. „þegar sérlega vildir menn þeirra Leifsfeðga.“
28. „Ég hef staðhæft uppgerðarómýndinni 1933 etc.“
29. „Það er nú ofur trúlegt sverja rangan eið.“
30. „Annars sýna bréfaskiptin rangan eið.“
31. „Að svo mæltu öðru eftir því.“
32. „Við þessi orð Leifs sagði Leifi ósatt.“
33. „Ég stimpla það sem svik fyrir allri skuldinni.“

34. „.... sviksemi hans eins og vert er“
35. „Þegar maður gerir sig brotlegan í skakkri trú“
36. „.... eyðileggja þar með verzlun mína og atvinnu“
37. „.... En ofan á þetta bætist um aldur og ævi.“
38. „.... gefa vottorðin gegn betri vitund hreinn glæpur.“
39. „.... Að því er ég fæ séð lítilsvirðing þings og dóms“
....
40. „Nú væri það að visu ekki nema rétt harla vel samræmanlegt.“
41. „fýsn sviksamlegs umboðsmanns af láninu greitt.“
42. „Það er engin nýjung góðan málsstað.“
43. „.... Þetta verðmæti eyðilegði stefndi fyrir mér m. m.“
44. „Hefði stefndur ekki eyðilagt verzlun mína“,
45. „Þess eru dæmi um almenna stigamenn hvað hann var að gera.“
46. „Hann stýrði því beint að því og starfsorkumissi“
47. „En þeir, sem lenda í höndum stigamanna draga fram lífið.“
48. „Það er ofur meinlegt persónulegri eyðileggingu.“
49. „svikur umbjóðanda sinni refsingu i ofanálag.“

Verður að fallast á kröfur stefnda, að því er viðvikur ummælnum undir I. 1. til 4., II. 1.—10, 12.—14., 16.—27., 29.—30. og III. 1.—49. (allt incl.), svo og ummælin „leyndi mig hvorutveggja með sviksamlegri leynd“ undir II. 11. og ummælin: „*sviksamlega* og *samvizkulaust* rekin, að slíks munu einsdæmi“ undir II 15.). Sama verður talið gilda um eftirtalin ummæli stefnanda í seinustu sókn hans (rjskj. nr. 247): bls. 2 „Er það hjálpa Leifi“; bls. 3 „athæfi allt á sig“; bls. 6 „stórkostleg svik“; bls. 8 „.... maður sem leyfir sér sem hann segir“; bls. 10 „En auk þess að vera að þær væru“; bls. 12 „gerði það af hlutdrægni mál-færslumanna“; bls. 16 „á vitaverðan hátt svikið mig“ „svik“. — Verður stefnandi látinn sæta fyrir þessi ummæli sín þeirri hæstu sekt, er einkamálalögin (188. gr.) heimila, eða 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 12 daga einfalt fangelsi.

Eftir kröfu stefnanda verða þau ummæli verjanda í einu varnarskjali hans, að helzt sé svo að sjá sem stefnandi sé ekki með réttu ráði, dæmd dauð og ómerk, en eftir atvikum verður ekki sektað fyrir þau.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, hrm. Pétur Magnússon, hrm. Einar B. Guðmundsson og Guðlaugur Þorláksson, greiði in solidum stefnandanum, dr. jur. Jóni Dúasyni f. h. Strandvold & Dúason, d. kr. 6000.00.

með 5% ársvöxtum frá 21. okt. 1937 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað.

Framangreind ósæmileg unnmæli skulu vera dauð og ómerk. Stefnandi greiði 200 kr. sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu, 12 daga einfalt fangelsi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 21. september 1943.

Kærunálið nr. 7/1943. **Sigurður Markan**

gegn

Bifreiðaverkstæði Tryggva Ásgrímssonar.

Krafa um frest ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dagsettri 28. júní þ. á., er kom til hæstaréttar 9. ágúst þ. á., hefur kærandi skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í bæjarþingi Reykjavíkur 24. júní þ. á., þar sem honum er synjað frests til vitnaleiðslu. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og frestur veittur til vitnaleiðslu. Svo krefst kærandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur hvorki lagt fram kröfur fyrir hæstarétti né sent greinargerð.

Mál þetta hefur varnaraðili höfðað í héraði á hendur kæranda til greiðslu kostnaðar af viðgerð á bil. Kærandi taldi viðgerðarreikninginn allt of háan og neitaði að greiða nema nokkurn hluta hans. Málsstað sínum til framdráttar lagði hann fram m. a. 20. maí þ. á. vottorð Ágúst's nokkurs Benjamínssonar, er kvað sig hafa unnið á verkstæði varnaraðilja að viðgerð bils þessa. Vottorði þessu mótmælti varnaraðili á dómþingi 27. maí þ. á. Eftir það fékk kærandi fresti samfleitt til 24. júní þ. á., en þá krafðist hann enn frests til 2.